

**REGLUGERÐ**

96

29. júlí

um breyting á reglugerð, um notkun vatns og vatnsskatt í kaupþúninu í Keflavík,  
nr. 55 21. júní 1928.

## 1. gr.

Aftan við a. lið 1. gr. reglugerðarinnar bætist:

Þó skulu þeir, sem vatnsþrær hafa og vatnsleiðslur úr vatnsbólum hreppsins ekki greiða meir en  $1\frac{1}{2}\%$ .

## 2. gr.

Þriðja grein reglugerðarinnar falli burtu og breytist greinatalan eftir því.

Aftan við 8. gr. reglugerðarinnar, sem verður 7. gr., bætist: Hann er og tryggður með lögveði í eigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hverskonar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. ágúst 1938, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júlí 1938.*

**Skúli Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

**REGLUGERÐ**

97

5. ágúst

um gjald af nýreistum húsum í kaupstöðum og kaupþúnum til greiðslu  
kostnaðar vegna skipulagsmála.

## 1. gr.

Af hverri nýbyggingu, sem reist er eftir 1. júlí 1938 í kaupstöðum þeim og kaupþúnum, sveitaborpum eða orkuverum, þar sem skipulagsuppráttur hefir verið staðfestur, eða þar sem byrjað er að vinna að skipulagsgerð, skal greiða 3% í eitt sinn af brunabótavirðing hvernar húseignar.

## 2. gr.

Nýbygging samkvæmt 1. gr. telst hvert nýreist hús, sem virt er til brunabóta eftir 1. júlí 1938, svo og viðbyggingar við eldri hús, ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur  $\frac{1}{5}$  verðs eldra hússins.

## 3. gr.

Gjaldið greiðist til umboðsmanns Brunabótafélags Íslands í kaupstöðum og kaupþúnum utan Reykjavíkur, en í Reykjavík til tollstjóra. Gjaldið er fallið í gjalddaga, þegar er brunabótavirðing húseignar hefir farið fram, og má taka það lögtaki.

## 4. gr.

Innheimtumenn standa skil á gjaldinu til ríkissjóðs jafnóðum og það innheimtist, að frádregnum innheimtukostnaði.

- 97 Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 64, 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kaupþína og sjávarþorpa, gengur í gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. ágúst 1938.*

**Skúli Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*

- 98  
12. ágúst

## AUGLÝSING

### um austurrísk vegabréf.

Með tilvísun til auglýsingar dómsmálaráðuneytisins frá 1. júní 1937, sem sett var samkv. 3. mgr. 8. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum frá 24. maí 1937, er hér með ákveðið, að menn með austurrísk vegabréf þurfi eftir 1. september 1938 að fá staðfestingaráritun (visum) á vegabréf sín, ef þeir ætla að ferðast til Íslands.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. ágúst 1938.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

- 99  
12. ágúst

## REGLUGERÐ

### um biskupskosningu.

#### 1. gr.

Þegar biskupsembætti þjóðkirkjunnar losnar, skal kirkjumálaráðherra sjá um, að biskupskosning fari fram innan þriggja mánaða frá því embættið losnaði.

#### 2. gr.

Kosningarrétt hafa allir þjónandi prestar og prófastar þjóðkirkjunnar, guðfræðikennarar Háskólans, svo og hinn fráfarandi biskup, gegni hann enn embætti, þegar kosning fer fram. Enginn getur þó farið með meir en eitt atkvæði, enda þótt hann gegni fleiri embættum.

Kjörgengir eru allir þeir, sem rétt hafa til embætta í þjóðkirkjunni.

#### 3. gr.

Undirbúning og framkvæmd kosningarinnar skal kirkjumálaráðherra fela kjörstjórn, er skipuð sé skrifstofustjóra í kirkjumálaráðuneytinu sem formanni, einum manni tilnefndum af stjórn Prestafélags Íslands og einum manni tilnefndum af kirkjumálaráðherra. Kjörstjórn þessi sé skipuð svo fljótt sem því verður við komið, þegar biskupskosning á fram að fara.

Nú vanrækir stjórn Prestafélags Íslands að tilnefna mann í kjörstjórnina innan þess tíma, er ráðherra ákveður, og skal þá ráðherra tilnefna manninn.

#### 4. gr.

Jafnskjótt og kjörstjórn er fullskipuð, skal hún láta gera kjörseðla og senda þegar einn kjörseðil ásamt tilheyrandi umslagi til hvers kjósanda, sem kosningarrétt hefir, og skal hún um leið tilkynna hverjum þeirra hvenær kjörseðillinn skuli kominn í hennar hendur aftur. Kjörseðlar skulu sendast milli kjósanda og kjörstjórnar í ábyrgðarpósti.